

## Sameinuðu verkstæðin Mars hf

Afhending 2018/75

Vélaverkstæðið Mars var stofnað árið 1917 af Óskari Sigurgeirssyni frá Lögmannahlíð. Óskar hafði numið járnsmíð hjá Sigurði Sigurðssyni á Akureyri en fór til Ísafjarðar 1909 og vann þar við járn- og vélsmiði. Hann flutti síðar til Akureyrar aftur og hóf eigin atvinnurekstur í mars 1912.

Árið 1917 reisti Óskar hús fyrir starfseminna að Strandgötu 11, sem þá hét Vélaverkstæðið Mars. Óskar rak verkstæðið til 1942 en þá tók fóstursonur hans, Óskar Ósberg, við rekstrinum. Í júní 1945 eignaðist KEA meirihluta í verkstæðinu.

Blikksmiðjan við Gránufélagsgötu 46 var stofnuð árið 1942, sem útibú Nýju blikksmiðjunnar í Reykjavík. Stofnendur Blikksmiðjunnar voru Einar Pálsson og Haraldur Andrésen en árið 1944 keypti Ágúst Brynjólfsson fyrirtækið en hann seldi KEA fyrirtækið árið eftir.

Eftir að KEA var orðið aðaleigandi þessara tveggja fyrirtækja voru þau sameinuð í eitt, sem hlaut nafnið Sameinuðu verkstæðin Mars hf og var Ágúst Brynjólfsson framkvæmdastjóri þess. Árið 1946 varð Ágúst einnig framkvæmdastjóri Vélsmiðjunnar Odda hf en þá var KEA orðið meirihlutaeigandi Vélsmiðjunnar Odda. Eftir það voru fyrirtækin rekin undir einni stjórn og árið 1972 voru þau sameinuð og rekin áfram undir nafni Vélsmiðjunnar Odda.

Það var Þórður Vilhjálmsson sem afhenti skjölin en aðrar afhendingar með skjölum frá Sameinuðu verkstæðunum Mars eru 970 og 2003/74.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

3. ágúst 2022

Lára Ágústa Ólafsdóttir

héraðsskjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
<b>Sameinuðu verkstæðin Mars</b>			<b>2018 / 75</b>
<b>A-Fundargerðir</b>		<b>1945- 1969</b>	
2018 - A/1	1	1945- 1969 Gjörðabók stjórnar.	32,5 x 21 cm innb.